



Byggðastofnun

Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 132/841
komudagur 14.2.2006.

Dagsetning 13. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til hafnarlaga, 380. mál, frestun framkvæmda o. fl.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Megininntak frumvarpsins er að fresta og um leið framlengja hafnahluta samgönguáætlunar. Samkvæmt rökstuðningi er það þensla í efnahagslífi sem veldur vanda við þessar framkvæmdir. Einnig hafa orðið breytingar á skipaflota og á samstarfi hafna sem hafa áhrif á hvaða breytingar þarf að gera í einstökum höfnum og því ástæða til endurskoðunar. Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1132
komudagur 3.3.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 1. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eypings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til hafnalaga, 380. mál, frestun framkvæmda o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eypings tekur undir mikilvægi þessa máls og telur jákvætt að núgildandi kostnaðarþátttaka ríkissjóðs verði framlengd og frestur til að ljúka framkvæmdum lengdur. Stjórnin mælir því með samþykkt frumvarpsins en leggur áherslu á mikilvægi þess að einstökum höfnum verði í framtíðinni gert kleyft að viðhalda eðlilegri þróun.

f.h. stjórnar Eypings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P

komudagur

132/842

14.2.2006

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar

Reykjavík 9. febrúar 2006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0601005HA BLB

Tilv.:630

Efni: Umsögn um breytingu á hafnalögum

Stjórn Hafnasambands sveitarfélaga hefur ekki fjallað um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 en stjórnarmenn hafnasambandsins hafa fengið frumvarpið til skoðunar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið. Í því fellst m.a. að gildistími á bráðabirgðaákvæði um styrki til framkvæmda í höfnum lengist um tvö ár.

Stjórnarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins á þing.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA



Birgir L. Blöndal



Seyðisfirði 1. febrúar 2006

Alþingi

Erindi nr. þ 132/751

komudagur 3. 2. 2006

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.**

**Efni: Umsögn Samgöngunefnd SSA
Frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum nr. 61/2003.
380. mál, frestun framkvæmda o.fl.**


Samgöngunefnd SSA mælir með samþykkt frumvarpsins.

Greinargerð.

Vísað er til, innsendra, umsagnar Samgöngunefndar SSA frá 26. febrúar 2003 um samgönguáætlun 2003-2014 og fjögurra ára samgönguáætlunar 2003-2006 varðandi hafnir. Einnig samþykktir aðalfunda SSA 2002 og 2003 sama efnis. Þar er varað við þeim afleiðingum sem róttækar breytingar varðandi styrki til hafnaframkvæmda á landsbyggðinni geta haft í sumum sjávarbyggðum.

Það er því í takt við fyrri umsagnir SSA að mælt er með samþykkt þessa frumvarps sem mælir fyrir frestun á bráðbirgðarákvæði II, til loka árs 2008. Ítrekað er að tíminn verði vel nýttur til að finna ásættanlega lausn á styrkveitingum til framkvæmda í höfnum sem standa höllum fæti á landsbyggðinni í ört breyttu samfélagi.

Virðingarfyllt.


Þorvaldur Jóhannsson



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 132/768
komudagur 7.2.2006

Alþingi
samgöngunefnd
Við Austurvöll
105 Reykjavík

Kópavogi, 06.02.2006

Tilv. 023

HJ

Efni: Frv. til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, 380. mál.

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 26. janúar 2006, þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Frumvarp þetta var samið í nánú samstarfi samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar Íslands og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
F. h. Siglingastofnun Íslands

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri